



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Heilbrigðis- og trygginganefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

29.11. 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, þingmál 272.**

Núgildandi lög um heilbrigðisþjónustu eru að mörgu leyti úrelt og þarfnast margháttaðrar endurskoðunar, einkum hvað varðar ákvæði laganna um skipulag heilbrigðisþjónustunnar, stjórn heilbrigðisstofnana, eftirlit með rekstri heilbrigðisþjónustu og samninga um heilbrigðisþjónustu. Í frumvarpinu er sett fram heildstæð löggjöf þar sem lýst er grunnskipulagi hins opin berra heilbrigðisþjónustukerfis, heilbrigðisyfirvöldum er settur skýr lagarammi til að starfa eftir, tryggt er virkt eftirlit með heilbrigðisþjónustu og stefnumótunarhlutverk ráðherra er skýrt og tryggt að hann hafi á hverjum tíma fullnægjandi valdheimildir til að framfylgja stefnu sinni.

Samtök atvinnulífsins átti fulltrúa í þeirri nefnd sem samdi frumvarpið og stóðu fyrirvaralaust að lokagerð þess. Samtökin styðja þ.a.l. að umrætt frumvarp verði að lögum.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson,  
aðstoðarframkvæmdastjóri

